

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. febrúar 2021

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (upplýsingaréttur almennings), 366 mál..

(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)


Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands styður efni frumvarpsins og aukði gagnsæi á þessum sviðum sem öðrum, en það er meðal annars komið fram vegna athugasemda umboðsmanns Alþingis.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er verið að „færa lagaumhverfi Ríkisútvarpsins er varðar upplýsingarétt almennings til samræmis við vilja löggjafans.“ Ekki hafi staðið til að breyta gildissviði upplýsingalaga hvað Ríkisútvarpið varði „þegar ný lög um Ríkisútvarpið og ný upplýsingalög tóku gildi, heldur áttu ákvæði upplýsingalaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 að gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins líkt og um stjórnvald væri að ræða. Með frumvarpinu er því þeirri óvissu eytt sem umboðsmaður Alþingis rekur í málslokabréfi sínu í máli nr. 1319/2019.“

Að sjálfsögðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að koma fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ


Hjálmar Jónsson, formaður BÍ

Umsögn Íslandsdeildar Transparency International (TI) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013 (innheimta útvarpsgjalds), 358. mál og og frumvarp um breytingu á lögum nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings), 366. mál.

21. mars 2021

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Íslandsdeild Transparency International vil koma eftirfarandi á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd og Alþingi varðandi frumvarp um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (innheimta útvarpsgjalds), 358. mál og frumvarp um breytingu á lögum nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings), 366. mál.

Greiður aðgangur almennings að áreiðanlegum upplýsingum um stjórnsmál, stjórnslu og viðskiptalíf er mjög mikilvægur þáttur í að stuðla að nauðsynlegu aðhaldi almennings gagnvart þeim sem fara með vald í stjórnsmálum, stjórnslu og viðskiptalífi og hvernig tengslum milli valdhafa á þessum sviðum er háttað.

Mikilvægi RÚV fyrir upplýsingarétt almennings þarf meðal annars að skoða m.t.t. þess að öflugir fjölmiðlar í íslensku samfélagi eru tengdir og/eða í eigu aðila sem hafa mikla hagsmuni í viðskiptalífi og geta því ekki talist óháðir í þeim skilningi. Það skiptir verulegu máli þegar ákveðið er hvernig regluverki varðandi RÚV er háttað, þ.m.t. hvað varðar fjármögnun rekstrar stofnunarinnar.

Þá er nauðsynlegt að gagnsæi sé varðandi ráðningar hjá RÚV og upplýsingaréttur almennings sé virtur þannig að ekki megi vegna skorts á gagnsæi, hvað það varðar, með réttu efast um að réttilega sé staðið að ráðningum þar og að einungis málefnaleg sjónarmið og verðleikar umsækjenda ráði ákvörðunum um þær. Með vísan til þessa styður Íslandsdeild TI að frumvarp um breytingu á lögum um RÚV (upplýsingaréttur almennings), 366. mál, verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Íslandsdeildar TI,

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2021
Tilvísun: 2021010175/RRS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings).

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 21. janúar 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings), (þskj. 458, 366. mál á 151. löggjafarþingi).

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins segir að tvær málsgreinar bætist við 2. mgr. 18. gr. laganna sem kveði á um að þegar aðrar takmarkanir á upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum eiga ekki við sé heimilt að veita upplýsingar um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana, enda séu ekki liðin meira en fjögur ár frá þeirri ákvörðun sem um ræðir.

Í athugasemdum við ákvæðið segir að lagt sé til að við bætist tvær nýjar málsgreinar með heimild til að afhenda upplýsingar um viðurlög sem æðstu stjórnendur hafa sætt fjögur undangengin ár. Málsgreinarnar eru samhljóða ákvæðum 3. og 5. mgr. 7. gr. í upplýsingalögum og vísad er til umfjöllunar sem finna megi í frumvarpi til þeirra laga, þar sem meðal annars kemur fram að ekki þykir rétt að undanskilja alfarið aðgang almennings að slíkum upplýsingum, enda hvíla á stjórnendum opinberra stofnana ríkari skyldur en almennt gildir um aðra starfsmenn slíkra stofnana. Vega þurfi og meta í hverju tilfelli hvort vegi þyngra hagsmunir almennings af vitneskju um slík viðurlög eða hagsmunir viðkomandi starfsmanna af því að trúnaður ríki um slíkt. Sem dæmi má nefna að ekki verður séð að ríkir almannahagsmunir séu af því að gert sé uppskátt um áminningu sem stjórnandi hefur hlotið vegna áfengisneyslu í samanburði við hagsmuni viðkomandi starfsmanns af því að vera gefinn kostur á því að bæta ráð sitt án þess að eiga á hættu að vera um ókomna tíð stimplaður fyrir slíka háttsemi.

Persónuvernd áréttar í þessu sambandi að viðkvæmar persónuupplýsingar eru skilgreindar í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Þar kemur m.a. fram að upplýsingar um stjórnsmálaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun, heilsufarsupplýsingar, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð eru m.a. skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar.

Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að taka af allan vafa í lögum að ekki sé ætlunin að veita heimild til upplýsingagjafar um forsendur viðurlaga eða áminningar sem æðstu stjórnendur Ríkisútvarpsins hafi




sætt, byggi þau á viðkvæmum persónuupplýsingum, eins og þær eru skilgreindar í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd leggur því til breytingu á b-lið 1. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

„Enn fremur er heimilt að veita upplýsingar, aðrar en viðkvæmar persónuupplýsingar, um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana, enda séu ekki liðin meira en fjögur ár frá þeirri ákvörðun sem um ræðir.”

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línal


Helga Sigríður Þórhallsdóttir